

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess fyrir 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Hvolhrepps nr. 798/1982.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. desember 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

18. desember 2000

Nr. 924

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsum rotþróa í Reykjahreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Reykjahreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Reykjahrepps eða eigenda húsnaðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Í gjaldskrá er heimilt að kveða á um innheimtu aukagjalds af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við

verkið. Gjald skal vera innifalið þar sem innheimt er holræsagjald samkvæmt reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Reykjahreppi.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Reykjahrepps.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Reykjahrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. janúar 2001.

Umhverfissráðuneytinu, 18. desember 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysaftryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bóta-skyldra slysa, sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómanna-laga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir hinum tryggðum fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mán-aðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjalds-ins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Trygginga-stofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Trygginga-stofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysaftrygginga almennra launþega.